

2. gr.

96

Verði breyting á kennslustundafjölda fastra kennara frá því sem nú er, breytast stundakennaralaunin í sama hlutfalli. 24. apríl

3. gr.

Heimilt er að gjalda kennurum aukabóknun fyrir stílaleiðréttingar, er nemi allt að 30 aukum fyrir hvern stíl.

4. gr.

Á laun þau, er um ræðir í 1. og 3. gr., skal greiða verðlagsuppbót.

5. gr.

Prófdómarar njóta sömu launa og stundakennarar skólanna, er þeir starfa við.

6. gr.

Stundakennsla greiðist af rekstrarfé skólanna hvers um sig.

7. gr.

Reglugerð þessi, sem sett er samkvæmt 32. gr. laga nr. 60 12. marz 1945, um laun starfsmanna ríkisins, skal gilda frá 1. apríl 1945.

Menntamálaráðuneytið, 24. apríl 1945.

Brynjólfur Bjarnason.

Birgir Thorlacius.

REGLUGERÐ

um viðauka við og breyting á reglugerð nr. 49 3. marz 1945,
um skömmtn á smjöri.

97

12. maí

1. gr.

Auk þeirrar skömmtnar á 2 enskum pundum af smjöri, sem heimilað var að afhenda í 2. gr. reglugerðar nr. 49 3. marz 1945, um skömmtn á smjöri, skal afhenda hverjum manni innkaupaheimild fyrir einu ensku pundi (453 g). Gildir sú innkaupaheimild til 1. sept. 1945 og eiga við um hana allar sömu reglur og innkaupaheimild, sem veitt var samkvæmt frammannefndri grein.

Skömmtnarskrifstofa ríkisins setur nánari reglur um úthlutunina.

2. gr.

Innkaupaheimild sú, sem gefin var samkvæmt 2. gr. reglugerðar nr. 49/1945, sbr. auglýsingu ráðuneytisins sama dag, gildir aðeins til 1. júní en ekki til 1. júlí.

3. gr.

Reglugerð þessi öðlast þegar gildi.

Reglugerð þessi er sett samkvæmt heimild í lögum nr. 37 12. júní 1939, sbr. lög nr. 59 7. maí 1940.

Viðskiptamálaráðuneytið 12. maí 1945.

Pétur Magnússon.

Torfi Jóhannsson.